

48

15. apríl

REGLUGJÖRÐ

um

gjöld til holræsa og gangstjetta á Akureyri.

1. gr.

Þarsem bæjarstjórnin hefir lagt holræsi í götu á kostnað bæjarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji alt skolp frá húsi hans út í göturæsið. Skulu þau ræsi ekki vera af lakari gerð en göturæsin, og gjörð undir umsjón og fyrirsögn veganeftndar, eða þess manns, sem hún eða bæjarstjórnin felur umsjónina. Vanræki nokkur að gjöra þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Kostnað við holræsagjörð í götum bæjarins greiðist sumpart úr bæjarsjóði og sumpart af lóðarhöfum.

Lóðarhafar skulu greiða:

- a. 4% af skattvirðingarverði húseigna, sem standa á lóðum þeirra. Sama gjald skal greiða af húsnum þeim, er síðar verða bygð við götu, sem holræsi er þegar lagt í, og sje eldra hús rífið niður, greiðist gjaldið af mismun virðingarverðs húsanna.
- b. 1 króna fyrir hvern meter af lengd lóða þeirra meðfram götu (þó því aðeins að lóðin nái fram að götu). Gjaldið greiðist þegar búið er að gjöra holræsi í þá götu, sem lóðin telst til.

3. gr.

Steinflímdar, hellulagðar og aðrar jafnvandaðar gangstjettir skulu kostaðar að $\frac{2}{3}$ úr bæjarsjóði, en að $\frac{1}{3}$ af þeim, sem lóðarrjett hafa að götum, þeim megin, sem gangstjett liggur.

Kostnaði þeim, sem lóðarhöfum ber að greiða, skal jafnað niður fyrir götu hverja eða þann hluta götunnar, sem gangstjett hefir verið lögð í, eftir lengd lóðarinnar meðfram götunni.

4. gr.

Fyrir öllum kröfum, sem bæjarstjórnin öðlast á hendur húseigendum og lóðarhöfum samkvæmt framanskráðum greinum, hefir bæjarsjóðurinn lögveð í húsinu eða lóðinni næstu 2 ár eftir gjalddaga, og gengur sá veðrjettur fyrir öllum veðskuldum eftir samningi. Bæjarstjórnin getur veitt alt að 10 ára gjaldfrest á kröfum þessum, enda greiði skuldunautur þá alt að 6% í ársvexti.

5. gr.

Lögtaksrjettur fylgir öllum kröfum samkvæmt reglugjörð þessari.

48
15. apríl

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 66, 14. nóv. 1917, sbr. 155. gr. vatnalaga nr. 15, 20. júní 1923, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. maí 1925, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. apríl 1925.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.

REGLUGJÖRÐ

um

hundahald í Akraneskaupþúni.

49
20. apríl

1. gr.

Alt hundahald í Akraneskaupþúni er bannað að öðru leyti en 2. gr. heimilar

2. gr.

Á grasbýlunum Jaðri og Presthúsum skal heimilt að hafa sinn hundinn á hvorum stað.

3. gr.

Brot á reglugjörð þessari varða sektum alt að 200 krónum, er renna í sveitarsjóð Ytri-Akraneshrepps. Skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júní 1925.